# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

114. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 16. MAÍ 2017





Í gær hófst átak sem ætlað er að draga úr notkun plastpoka. Íslendingar nota um 35 milljónir plastpoka árlega, en það eru um 105 pokar á mann. Átakinu var ýtt úr vör fyrir utan Melabúðina í Vesturbænum í Reykjavík en þar var klippt á borða sem gerður var úr notuðum plastpokum. Fyrir miðju má sjá Björt Ólafsdóttur umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Í pattstöðu næstu áratugi án gjaldtöku

**Samgönguráðherra telur einsýnt að komi ekki gjaldtaka til við uppbyggingu samgangna út frá höfuðborgarsvæðinu verði lítið hægt að gera næstu árin eða áratugina. Gjaldtaka þýðir miklu hraðari uppbyggingu á landsbyggðinni. Samgöngubætur kosta um 100 milljarða.**

**SAMGÖNGUR** Ef fjármagna ætti stórframkvæmdir í samgöngumálum út frá höfuðborgarsvæðinu af vegafé sem veitt er af fjárlögum, munu líða áratugir þar til þær samgöngubætur yrðu að veruleika. Ef hins vegar samstaða næst um gjaldtöku gætu framkvæmdir hafist með skömmum fyrirvara eða strax á næsta ári, enda undirbúningi sumra þeirra lokið eða hann langt kominn.

Þetta er álit Jóns Gunnarssonar, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, sem skipaði starfshóp um miðjan febrúar til að kanna hvernig umfangsmiklum framkvæmdum við stofnleiðir út frá höfuðborgarsvæðinu verði best háttað. Starfshópurinn á að vinna hratt og skila af sér á næstu vikum.

Jón segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að á þessu ári sé fjárveiting til nýframkvæmda á öllu landinu um ellefu milljarðar króna. Á sama tíma er starfshópurinn að vega og meta samgöngubætur sem eru af stærðargráðunni 100 milljarðar króna. Það eru meðal annars Sundabraut, ný Hvalfjarðargöng, tvöföldun eða 2+1 vegur upp í Borgarnes, tvöföldun vegarins til Keflavíkur og austur fyrir Selfoss með nýrri brú á Ölfusá.

„Ég nefni 100 milljarða með fyrirvara, en nákvæmari kostnaðargreining er eitt þeirra verkefna sem starfshópurinn [...] er með á sinni könnu. Þegar þetta er skoðað í samhengi sést að þessar framkvæmdir myndu soga til sín álíka fjárhæð og nífalt vegafé þessa árs. Það er nokkuð augljóst að það munu líða áratugir þar til við gætum séð áðurnefndar framkvæmdir verða að veruleika,“ segir hann. Jón segir að náist samstaða um tillögur starfshópsins gætu framkvæmdir hafist strax á næsta ári, enda undirbúningi sumra þeirra lokið eða hann langt kominn. – shá

> **Ekki er ósennilegt að framkvæmdatími gæti verið allt að tíu ár, með Sundabraut og nýjum Hvalfjarðargöngum, fái ég grænt ljós.**
>
> Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

# Næstum fimm vopnuð sérsveitarútköll á viku




**LÖGREGLUMÁL** Allt árið 2016 fór sérsveitin í 108 útköll með skotvopn. Vopnuðum útköllum hefur fjölgað verulega undanfarinn áratug. Árið 2006 voru þau 42 og árið 2007 voru þau 53. Önnur sértæk verkefni sérsveitarinnar eru miklu fleiri auk þess sem sérsveitarmenn sinna líka almenn um löggæslustörfum.

Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur segir lögregluna ekki hafa ofnotað eða misnotað vopn. „Eða að upp komi tilfelli sem hafa orðið að dómsmáli eða þar sem menn hafa séð lögregluna fara offari. Við erum ekki að sjá tilfelli af því tagi,“ segir hann.

– jhh / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um jarðakaup auðmanna. 11

**SPORT** Sara Björk varð þýskur meistari á sínu fyrsta tímabili með Wolfsburg. 12

**LÍFIÐ** Danshöfundinum Stellu Rósenkranz þótti sænska dansatriðið í Eurovision skemmtilegast, og auðvitað dansandi górillan frá Ítalíu. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**





*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Þokkalegt veður í dag. Vind lægir og það léttir heldur til, en áfram rignir á norðanverðum Vestfjörðum. SJÁ SÍÐU 16

# Riggað upp fyrir Rammstein



Nú styttist óðum í stórtónleika þýsku þungarokkaranna í Rammstein sem haldnir verða í Kórnum í Kópavogi þann 20. maí. Ljósmyndari Fréttablaðsins kom við í Kórnum í gær þar sem undirbúningur var kominn á fullt. Að mörgu þarf að huga enda þýska hljómsveitin þekkt fyrir tilkomumikla tónleika. Búist er við að á annað þúsund þýskir aðdáendur Rammstein fylgi sveitinni til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



Ástga Guðrún Helgadóttir sagði af sér embætti vegna ágreinings.

## Píratar sagðir þurfa strúktúr

**ALÞINGI** „Ég myndi segja að það væri ókostur að við erum ekki með eins mikinn strúktúr. Þær stöður sem verða innan flokksins taka mun meira pláss en ætlast er til af þeim í stað þess að verið sé að dreifa valdinu með skýrum hætti eins og er gert í öðrum flokkum með formennsku, varaformennsku og þingflokksformennsku,“ segir Ásta Guðrún Helgadóttir, fráfarandi þingflokksformaður Pírata.

Ásta sagði af sér embætti í gær vegna ágreinings innan þingflokksins um hlutverk þingflokksformanns, að sögn Ástu.

„Þetta snerist um hversu mikið þingflokksformaður ætti að gera og hvaða hlutverki hann gegnir innan þingflokksins. Við höfðum mismunandi sýn á það. Ég vildi halda í hefðirnar um stöðu þingflokksformanns og ekki vera að finna upp hjólið endalaust en samþingflokksmenn mínir voru einfaldlega ósammála mér varðandi það.“

Ásta segist vilja að þingflokksformaður sé málsvari flokksins inn á við og sjái um almenna yfirsýn og rekstur frá degi til dags. Um þetta hafi ekki verið einhugur.

Í kjölfarið var Einar Brynjólfsson kjörinn formaður þingflokks, Birgitta Jónsdóttir varaformaður þingflokks og Smári McCarthy ritari þingflokks. – snæ



Gamalt húsnæði í Danmörku er mun ódýrara en nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gettó ríkra vegna hás íbúðaverðs

**DANMÖRK** Vegna þess hversu hátt verðið er á nýjum íbúðum í borgum í Danmörku hafa þar orðið til svokölluð ríkismannagettó, að því er segir á viðskiptavef Berlingske. Stærsti verðmunurinn er í Óðinsvéum þar sem fermetraverðið er næstum tvöfalt hærra fyrir nýja íbúð en gamla.

Í Kaupmannahöfn kostar 80 fermetra ný íbúð að meðaltali 3,1 milljón danskra króna eða rétt rúmar 47 milljónir íslenskra króna. Jafn stór eldri íbúð kostar um 2,8 milljónir danskra króna eða um 42,5 milljónir íslenskra króna. – ibs

# Kemst ekki fet vegna teppu í Samgöngustofu

Gróa Kristmannsdóttir og Ármann Halldórsson bíða enn eftir því að fá afhentan sérhannaðan bíl sem kom til landsins í byrjun apríl. Gróa er í hjólastól og er föst heima. Samgöngustofu gengur illa að saxa á langa biðlista sem hafa myndast.

**STJÓRNSÝSLA** Ármann Halldórsson, eiginmaður fatlaðrar konu, er afar ósáttur við seinagang Samgöngustofu við að skrá innflutta bíla til landsins. Hafa þau hjónin beðið síðan í byrjun apríl eftir sérhannaðri bifreið til að flytja fatlaða einstaklinga.

Eiginkona Ármanns, Gróa Ingileif Kristmannsdóttir, hefur misst heilsuna, er í hjólastól og þarfnast því sérhannaðrar bifreiðar til að fara á milli staða. Þau ákváðu að selja einkabílinn og bíða því óþreyjufull eftir bifreiðinni. „Það má segja að ég sé bara föst heima. Nema ég ofgeri syni mínum með að aðstoða mig inn í bíl og eyðileggi á honum bakið,“ segir Gróa.

„Það verður bara að segjast að þetta er algjör aumingjastofnun og ekki talandi við nokkurn mann þar innandyra,“ segir Ármann ómyrkur í máli. „Það á að fá Frumherja eða viðlíka fyrirtæki til að skrá inn bifreiðar til að aðstoða þessa stofnun sem gerir sér þetta að leik til að krefjast meiri peninga úr ríkissjóði, þetta er til skammar.“

Fréttablaðið hefur síðustu daga greint frá því að mikinn tíma tekur að fá nýja bíla. Hér áður fyrr tók það Samgöngustofu allt að tvo virka daga að skrá nýja bifreið. Nú hefur þessi tími lengst gríðarlega.

„Þetta er til háborinnar skammar. Og þar situr sem forstjóri Þórólfur Árnason, sem hefur verið rekinn oftar úr vinnunni en fé rekið af fjalli,“ segir Ármann. „Við rekum hér fjölskyldufyrirtæki og konan mín ætlaði að hjálpa mér við bókhaldið en hún getur það ekki sökum þessa.“

Þessi seinagangur Samgöngustofu kostar atvinnulífið einnig mikið fé. Rútufyrirtæki hafa sent bílstjóra út til að fylgja rútum til landsins og fá þannig flýtimeðferð. Þórólfur Árnason sagði við Fréttablaðið í gær að vinnunni yrði flýtt eins mikið og þeir gætu næstu daga. Nýtt skráningarkerfi hefði átt að vera löngu komið og þar liggi vandinn að hluta.

sveinn@frettabladid.is



Gróa Ingileif segir að hún hafi að mestu verið heima síðustu vikur þar sem bíllinn er ókominn.

> Það má segja að ég sé bara föst heima. Nema ég ofgeri syni mínum með að aðstoða mig inn í bíl og eyðileggi á honum bakið.
>
> Gróa Kristmannsdóttir


Garðsláttuvélar
sem slá á þínum gönguhraða




Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

# RAFMAGNAÐIR BMW Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM.

Sheer
Driving Pleasure
















iPERFORMANCE

## KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ OG MÖGULEIKANA.

BMW er leiðandi framleiðandi í smíði nútímalegra lausna sem spara orku og draga úr útblæstri. iPerformance PLUG-IN HYBRID tengitvinnbílarnir sameina nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. BMWi 100% rafbílarnir i3 og i8 eru síðan í algjörum sérflokki hvað varðar vistvæna hugsun og framúrstefnulegar lausnir enda smíðaðir að mestu leiti úr áli og koltrefjum (Carbon Fiber) í verksmiðju sem notast eingöngu við 100% hreina orku frá vind- og vatnsorkuverum.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM82048

# Húsgögn sýslumanns reyndust grundvöllur greiðslu skaðabóta

**STJÓRNSÝSLA** Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu þarf að greiða Pennanum skaðabætur vegna þátttöku síðarnefnda aðilans í útboði um kaup á skrifstofuhúsgögnum í húsnæði embættisins í Hlíðasmára. Þetta er niðurstaða kærunefndar útboðsmála.

Í útboðsgögnunum kom fram að leitað væri að „vönduðum, fallegum og stílhreinum húsgögnum sem gætu gefið nýjum vinnustað sterka sjálfsmynd með hlýlegu og heimilislegu yfirbragði“. Hagkvæmasta tilboðinu yrði tekið en þar vó verð 70 prósent en gæði vöru 30 stig.

Á endanum var tilboði Á. Guðmundssonar tekið en það hlaut rúm 81 stig. Tilboð Pennans hlaut hins vegar tæplega 81 stig. Forráðamenn Pennans töldu að upplýsingarnar í útboðinu hefðu verið of matskenndar og hefðu gefið sýslumannsembættinu of mikið svigrúm til að túlka tilboðin eftir eigin höfði.

Eitt tilboð Pennans var metið ógilt þar sem það innihélt hirslur úr harðplasti en ekki spónlagðri eik. Hin tilboðin innihéldu gestastóla og sófasæti en um sömu stóla var að ræða í öllum tilfellum. Embættið taldi að þeir hefðu ekki fallið vel að því útliti sem leitað var eftir. Slík húsgögn sé að finna í biðrýmum og því skipti þau miklu máli fyrir viðskiptavininn.

Það var mat kærunefndarinnar að þau atriði sem skoðunarhópur sýslumanns skyldi líta til varðandi mat á gæðum hefðu verið almenn og afar óljós í veigamiklum atriðum. Var því fallist á að sýslumannsembættið væri bótaskylt gagnvart Pennanum. – **jóe**




**Sýslumaðurinn bar sig ekki rétt að við útboðið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Nefndin ræðir jafnlaunavottun

**STJÓRNMÁL** Allsherjar- og menntamálanefnd mun í dag ræða frumvarp um jafnlaunavottun. Fulltrúar velferðarráðuneytisins mæta fyrir nefndina og aðilar sem hafa skilað umsögnum um frumvarpið.

Fréttablaðið sagði frá því á dögunum að einungis tvær umsagnir hefðu borist um frumvarpið en þær urðu á endanum tólf. Koma þær frá opinberum stofnunum, hagsmunasamtökum launþega, hagsmunasamtökum atvinnurekenda, einstaklingum og fleirum.

Nichole Leigh Mosty, framsögumaður málsins í allsherjar- og menntamálanefnd, hefur sagt að hún væri til í að fresta málinu fram á næsta þing til að hægt væri að vinna það betur. Því hefur Karl Pétur Jónsson, aðstoðarmaður velferðarráðherra, hafnað. – **jhh**

## Fékk ekki kort og barði soninn

**BANDARÍKIN** Kona frá Suður-Karólínu var handtekin í gær grunuð um líkamsárás gegn syni sínum. Ástæðan fyrir árásinni var sú að drengurinn gaf ömmu sinni kort á mæðradaginn en móðurinni ekki neitt.

Í lögregluskýrslu segir að konan sé grunuð um að hafa brotið gegn barnaverndarlögum með því að slá son sinn í höfuðið. Drengurinn var fluttur á sjúkrahús og gert að áverkum hans. Aldur hans var ekki gefinn upp.

Í skýrslunni kemur einnig fram að systir drengsins segi ástæðu árásarinnar hafa verið þá að amma þeirra fékk kort frá drengnum. Móðirin lét sér ekki nægja að slá soninn heldur reif hún kortið einnig í tætlur.

Konunni hefur verið sleppt úr varðhaldi og bíður mál hennar meðferðar. – **jóe**

# Áfengisfrumvarp næst ekki í gegnum þingið

**Mörg mál bíða afgreiðslu Alþingis þegar einungis tvær vikur eru eftir fram að sumarfríi. Samningaviðræður á milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu um hvað fer í gegn eru ekki hafnar. Rafrettufrumvarp heilbrigðisráðherra fer ekki í gegn.**

**STJÓRNMÁL** „Í heildina leggur ríkisstjórnin áherslu á að klára sem flest mál,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Mikið mæðir á nefndinni núna þegar stutt er eftir af þinginu.

Stjórnarkreppa eftir alþingiskosningarnar í lok síðasta árs varð til þess að hægagangur var á Alþingi fyrst um sinn. Fyrir jól var aðeins lögð áhersla á afgreiðslu fjárlaga og þegar ný ríkisstjórn var mynduð upp úr áramótum tók við að skipa í nefndir og koma þingstörfunum í samt horf. Nýliðar á Alþingi skipa formennsku í fjórum stórum nefndum.

Samkvæmt vef Alþingis bíða 33 mál þess að komast í fyrstu umræðu, 67 mál eru enn til umræðu í nefndum, fimm mál bíða annarrar umræðu og aðeins eitt mál bíður þriðju umræðu. Það þarf því að halda verulega vel á spöðunum því fram undan eru sex þingfundadagar.

Ríkisstjórnarflokkarnir leggja mesta áherslu á ríkisfjármálaáætlun, haftamálin og jafnlaunavottun. Önnur frumvörp félagsmálaráðherra um jafnrétti á vinnumarkaði og nokkur frumvörp umhverfisráðherra eru á meðal þess sem gæti þurft að bíða betri tíma.

Hið margumtalaða áfengisfrumvarp, um að áfengi fari í almennar verslanir, næst ekki í gegn. „Það eru mjög mörg þingmannamál sem liggja fyrir nefndinni. Ég er ekkert viss um að það nái einhver þingmannamál fram að ganga en það gæti vel verið að við afgreiðum einhver af þeim ef tími gefst til í lokin en þá komast þau mjög ólíklega á dagskrá þingsins,“ segir Áslaug Arna. Fréttablaðið hefur áður greint frá að umdeilt tálmunarfrumvarp, sem gerir tálmun umgengni barns við foreldri refsiverða þannig að hún varði fimm ára fangelsi, komist ekki í gegnum þingið. Sömu sögu er að segja af rafrettufrumvarpi heilbrigðisráðherra.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir að stjórnarflokkarnir séu ekki byrjaðir að ræða við stjórnarandstöðuna um hvaða mál verði sett í forgang. „Við erum í raun í þeirri stöðu að við erum ekki til í að ljúka einhverjum málum á hraðferð. Við eigum nógu mörg dæmi þar sem hreinlega hafa orðið mistök í lagasetningu því verið er að drífa málin í gegn með ónógri vinnu. Við höfum svolítið sagt að við ætlumst til þess að þau upplýsi um það hvaða mál þau leggi áherslu á. Það hefur ekkert skýrst neitt með það.“ **snaeros@frettabladid.is**




**Ekkert verður af því að leyft verði að selja vín í matvörubúðum á þessu þingi að minnsta kosti.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> *Í heildina leggur ríkisstjórnin áherslu á að klára sem flest mál.*
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis





**Samstarfið snýr að umhverfismálum.** MYND/LHG

## Sjö af tuttugu fengu aðild

**NORÐURSLÓÐAMÁL** Utanríkisráðherrar aðildarríkja Norðurskautsráðsins (Arctic Council) samþykktu á fundi sínum í Fairbanks í Kanada í síðustu viku að veita Vestnorræna ráðinu áheyrnaraðild að ráðinu. Vestnorræna ráðið er samstarfsráð Færeyja, Grænlands og Íslands.

Í fréttatilkynningu segir að af yfir tuttugu umsækjendum um áheyrnaraðild hafi einungis sjö hlotið brautargengi en auk Vestnorræna ráðsins fengu Alþjóðahafrannsóknaráðið, Alþjóðaveðurfræðistofnunin, Sviss og National Geographic Society áheyrnaraðild að ráðinu.

„Vestnorræna ráðið hefur aukið umsvif sín í málefnum norðurslóða töluvert síðustu ár samfara auknu alþjóðlegu vægi svæðisins. Þróunin á norðurslóðum er sérstaklega mikilvæg fyrir vestnorrænu löndin þrjú en 20% af landmassa norðurslóða tilheyra Vestur-Norðurlöndum og íbúar landanna eru um 10% af heildaríbúafjölda norðurslóða,“ segir í tilkynningu. – **shá**

## Þyrlan sótti fótbrotinn sigmann

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar fór í útkall á Langanes á sjötta tímanum í gærkvöld til að bjarga manni úr sjálfheldu. Maðurinn var sigmaður sem hafði verið að eggjatöku þegar honum skrikaði fótur og hann féll og fótbrotnaði. – **jóe**


DODGE



FRUMSÝNING

DURANGO GT

Laugardaginn 20. maí

Opið frá 12 - 17

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-17




# NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

Við hvetjum áhugasama til að kíkja til okkar. Kennarar og fulltrúar fyrrverandi nemenda verða á staðnum og fara yfir námið ásamt því að gefa góð ráð til undirbúnings.
**Nánar á promennt.is**

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.
- Starfsnám hjá öflugum fyrirtækjum í boði fyrir nemendur í tækninámi.

FRÍTT

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

| | |
|---|---|
| TÆKNINÁM | Miðvikudag **17. maí. kl. 17.30** |
| BÓKHALDSNÁM | Fimmtudag **18. maí. kl. 18** |

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 172121













# Spá því að lífskjör Breta versni

**BRETLAND** Launaþróun í Bretlandi verður hægari á árinu en mælst hefur í þrjú og hálft ár samkvæmt nýrri könnun meðal atvinnurekenda.

Business Insider greinir frá því að könnunin sem náði til yfir 1.000 fyrirtækja sýni að atvinnurekendur reikni einungis með að hækka laun að jafnaði um 1 prósent á árinu. Ef þær spár ganga eftir er um að ræða minnstu launahækkun milli ára í þrjú og hálft ár.



**Íbúar London gætu haft minna milli handanna á næstu mánuðum en áður.** NORDICPHOTOS/GETTY

Líklega mun þetta leiða til þess að Bretar upplifi minni kaupmátt þar sem vöruverð er að hækka mikið vegna lágs gengis pundsins. Verðbólga mælist nú 2,3 prósent og reiknar Englandsbanki með 3 prósenta verðbólgu á árinu.

Haft er eftir Gerwyn Davies, sérfræðingi hjá stofnuninni sem framkvæmdi könnunina, að raunveruleg hætta sé á því að stór hluti bresks vinnuafls muni upplifa verri lífskjör á árinu. – **sg**



Fjöldi vopnaðra verkefna sérsveitarinnar

| 2016 | 2014 | 2012 | 2010 | 2008 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| 108 | 79 | 72 | 63 | 48 | 42 |
| **2015** | **2013** | **2011** | **2009** | **2007** | |
| 104 | 83 | 63 | 68 | 53 | |

**Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur nýlega tekið nýja bíla í notkun. Sé rýnt í tölur sést að vopnuðum útköllum þeirra er að fjölga.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Að jafnaði fjögur vopnuð útköll á viku

**Það sem af er ári hefur sérsveit ríkislögreglustjóra farið í 76 vopnuð útköll. Það samsvarar 4,5 útköllum á viku. Vopnuðum útköllum hefur fjölgað á síðastliðnum áratug. Afbrotafræðingur segir lögreglu hafa notað vopn af hógværð.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra fór í 76 verkefni á fyrstu fjórum mánuðum ársins vopnuð skotvopnum. Þetta sýna tölur ríkislögreglustjóra. Það jafngildir því að farið hafi verið að meðaltali í 4,5 útköll á viku.

Allt árið 2016 fór sérsveitin í 108 útköll með skotvopn. Fréttablaðið hefur ekki fengið skýringar á því hvort búast megi við auknum fjölda vopnaðra útkalla í ár eða hvort einhverja hluta vegna fari sérsveitin helst í vopnuð útköll á fyrsta þriðjungi ársins. Hins vegar blasir við að vopnuðum útköllum hefur fjölgað verulega undanfarinn áratug, en árið 2006 voru þau 42 og árið 2007 voru þau 53. Önnur sértæk verkefni sérsveitarinnar eru miklu fleiri auk þess sem sérsveitarmenn sinna líka almennum löggæslustörfum.

> **Þeir virðast hafa sýnt ábyrgð og fagmennsku í verki.**
>
> Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við HÍ



Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði, leggur áherslu á að sérsveitin hafi ekki misnotað vopn. „Ef við skoðum söguna í þessu þá hefur lögreglan ekkert beitt vopnum frá upphafi. Þetta er eitt skipti sem þeir hafa gripið til vopna þannig að þeir hafa beitt þessu af hógværð,“ segir Helgi. Hann vísar þar í atvik í Hraunbæ árið 2013.

Hann leggur áherslu á að lögreglan hafi ekki ofnotað eða misnotað vopn. „Eða að upp komi tilfelli sem hafa orðið að dómsmáli eða þar sem menn hafa séð lögregluna fara offari. Við erum ekki að sjá tilfelli af því tagi. Maður hugsar til tilfella í Bandaríkjunum og að einhverju leyti í Evrópu en ekki hérna hjá okkur. Þeir virðast hafa sýnt ábyrgð og fagmennsku í verki,“ segir Helgi og bætir við að þjálfun sérsveitarmanna sé mikil. Ekki bara í upphafi heldur sé þjálfunin stöðug. **jonhakon@frettabladid.is**

# Íslenskt fyrirtæki selt í Kísildalinn

**VIÐSKIPTI** Tæknifyrirtækið Twigkit sem stofnað var af Hirti Stefáni Ólafssyni og Bjarka Hólm hefur verið keypt af Lucidworks sem staðsett er í Kísildalnum í San Francisco í Bandaríkjunum. Norðurskautið greindi fyrst frá þessu.

Twigkit var stofnað árið 2009. Félagarnir tveir munu starfa hjá Lucidworks í framhaldinu. Ekki er vitað hvert kaupverðið var.

Lucidworks stendur að baki Apache Solr, sem er vinsæl leitarvél, að því er fram kemur í tilkynningu frá Twigkit.

Þetta er eitt af fáum fyrirtækjum stofnuðum af Íslendingum sem keypt hafa verið til Kísildalsins, þeirra á meðal eru Clara, sem Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson stofnaði, og Emu Messenger sem Google keypti. – **sg**



**Örfá íslensk fyrirtæki hafa verið keypt yfir í Kísildalinn síðastliðin ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

RENAULT
Passion for life

# NÝR MEGANE

## Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.




ENNEMM / SÍA / NM81717

## NÝR RENAULT MEGANE

### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.

## VERÐ FRÁ 2.990.000 KR.

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphituð framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðuþurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L






**Þrjótarnir krefjast þess að eigandi tölvunnar greiði andvirði 30 þúsunda íslenskra króna í lausnargjald. Upphæðin tvöfaldast sé hún ekki greidd innan tveggja daga. Ekki er vitað til þess að Íslendingur hafi greitt gjaldið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekki enn vitað hverjir eiga smituðu tölvurnar

Grunur leikur á að tíu tölvur hér á landi hafi lent í gagnagíslatöku. Sá möguleiki er fyrir hendi að eigendurnir viti ekki af því sjálfir. Veiran hefur ráðist á meira en 200 þúsund tölvur víðsvegar um heim. Íslensku fjarskiptafélögin á varðbergi.

**TÆKNI** Grunur leikur á að tíu íslenskar tölvur hafi lent í gagnagíslatöku á síðustu dögum en það hefur enn ekki verið staðfest. Ekki liggur fyrir hvort um sé að ræða tölvur í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra stofnana.

„Við erum að fá betri mynd af þessum vírus og hvernig hann hegðar sér og breytist frá stund til stundar. Það er talsvert breytt hegðun nú frá því að hann var fyrst sendur af stað,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Að sögn Hrafnkels fólst breytingin í því að áður fletti veiran upp ákveðnu veffangi og ef það var óskráð þá dreifði hann sér á fullu. Ef það var hins vegar skráð hætti hann að dreifa sér. Menn brugðust við með því að skrá vefföng en hönnuðir veirunnar svöruðu með því að laga þennan galla.

„Þetta sýnir bara hve ofboðslega staðfastur brotavilji er fyrir hendi hjá þessum glæponum,“ segir Hrafnkell.

Þrátt fyrir að grunur sé uppi hjá Póst- og fjarskiptastofnun um að veiran hafi náð hingað til lands getur stofnunin ekki séð nákvæmlega hvar hún lét á sér kræla.

„Við sjáum hjá okkur að ákveðnar IP-tölur hegða sér undarlega en við vitum ekki hver er með hvaða IP-tölu. Til þess þyrftum við dómsúrskurð. Við getum hins vegar afhent viðeigandi þjónustuaðila töluna og hann getur þá kannað málið nánar og gert viðskiptavininum viðvart,“ segir Hrafnkell.

## Vírusinn á upptök sín í Bandaríkjunum

Samkvæmt tölum frá Europol hafa yfir 200 þúsund tölvur frá 150 löndum verið teknar yfir. Flest bendir til þess að gagnagíslatökuveiran eigi rætur að rekja til gagnaleka WikiLeaks í síðasta mánuði. Þar var skjölum frá Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) lekið en þar var að finna kóða og forrit til að njósna um eða taka yfir tölvur. Talið er að þrjótarnir hafi nýtt sér þessa kóða og átt við þá til að hægt sé að nýta þá á þennan hátt.

„Tölvuveirur þróast með eða án hjálpar bandarískra stjórnvalda. Þau eru heldur ekki eina landið sem býr til slík tól,“ segir Hrafnkell. Aðspurður um hvort það væri ekki ákjósanlegra að ríki heimsins sameinuðust í baráttunni gegn slíkum forritum, í stað þess að herja hvert á annað, segir Hrafnkell að „það sé margt í heimsbyggðinni sem mætti betur fara“.

> Þetta sýnir bara hve ofboðslega staðfastur brotavilji er fyrir hendi hjá þessum glæponum.



Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar

Guðfinnur Sigurvinsson, verkefnastjóri samskiptamála hjá Vodafone, segir að enn sem komið er kannist enginn við slíkt hjá Vodafone. „Ef slíkt mál kemur upp þá fer í gang ferli til að gera viðskiptavininum viðvart. Ef um er að ræða fyrirtæki þá fer það í gegnum viðskiptastýringuna en einstaklingar fá upplýsingar frá þjónustuverinu.“

„Síminn er í góðu samstarfi við netöryggissveit yfirvalda sem mun örugglega gefa okkur nánari upplýsingar um málið ef hún telur það þess eðlis,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. **johannoli@frettabladid.is**

# Neyðarástand vegna kólerufaraldurs

**JEMEN** Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í Jemen eftir að kólerufaraldur braust út. Tæplega 200 hafa látist á síðustu tveimur vikum og á níunda þúsund hafa smitast af sjúkdómnum.

Jemen er alls ekki í stakk búið til að takast á við faraldur af þessu tagi enda landið lamað eftir borgarastyrjöld síðustu tveggja ára. Þar hafa uppreisnarmenn húta, studdir af Írönum, barist gegn stjórnvöldum sem njóta stuðnings Sádi-Araba.

Í yfirlýsingu frá heilbrigðisyfirvöldum kom fram að þeim væri ókleift að halda faraldrinum í skefjum. Kölluðu þau eftir því að alþjóðasamfélagið kæmi til bjargar. Þá hefur heilbrigðisstarfsfólk í höfuðborginni San'a sagt að það ráði ekki við þann gríðarlega fjölda sjúklinga sem bætist við á degi hverjum.

„Við setjum fjóra sjúklinga í hvert rúm og höfum komið auka rúmum fyrir í tjöldum og undir trjám í garðinum,“ segir Nabeel aj Najjar, sjúkrahússtarfsmaður í Sana'a.



**Spítalar í Sana'a, höfuðborg Jemens, eru yfirfullir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) kom fram að tæplega 45 prósent spítala landsins væru í starfhæfu ástandi. Þá áætlar stofnunin að um 70 prósent vanti upp á nauðsynleg lyf. Að auki eiga tveir þriðju hlutar íbúa ekki greiðan aðgang að hreinu drykkjarvatni.

Frá því að stríðið braust út í mars 2015 hafa rúmlega 10 þúsund manns látið lífið. Milljónir til viðbótar eru á vergangi eða glíma við skort vegna styrjaldarinnar. **– jóe**




VERÐ FRÁ:
**2.090.000** kr.
Eyðsla frá 3,0 l/100 | $CO_2$ losun frá 79 g/km

**SPORTLEGUR, LIPUR OG ÖRUGGUR**

Gæði Peugeot 208 heilla þig strax. Sportlega hannaður, sparneytinn og fáanlegur með Bluetooth og 7 tommu snertiskjá. Einstaklega lipur í umferðinni, snarpur í akstri og státar af fimm stjörnu öryggi. Puretech vélar Peugeot eru þekktar fyrir sparneytni og að vera einstaklega umhverfisvænar.

**PEUGEOT 208**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Bláa pillan



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Í kvikmyndinni Matrix sem var afar vinsæl um gjörvalla heimsbyggðina um síðustu aldamót finnur aðalsöguhetjan Neo á sér að það er eitthvað mikið að veröldinni sem hann lifir í. Hann á erfitt með að ákvarða það en einkennin eru mörg.

Veruleikinn sem við stöndum frammi fyrir í íslensku heilbrigðiskerfi er svipaður. Okkur er talin trú um að stjórnvöld vilji standa vörð um hið ríkisrekna kerfi og það standi ekki til að byggja upp einkarekið kerfi á kostnað þess. Að ýja að öðru þykir dónaskapur. Samt eru margvísleg teikn á lofti um hið gagnstæða. Mörg einkeni sem benda til þess að veröldin sé önnur en sú sem okkur hefur verið talin trú um að sé sönn og áþreifanleg.

Að mati Birgis Jakobssonar landlæknis er stefna stjórnvalda í heilbrigðismálum það óljós að hún býður upp á stefnuleysi í samningsgerð Sjúkratrygginga Íslands við einkaaðila í heilbrigðisþjónustu. Landlæknir fær ekki séð að hagsmunir sjúklinga séu hafðir að leiðarljósi í þessum samningum. „Við höfum komið okkur í þessa stöðu á mörgum árum vegna þess að við höfum svelt opinbera kerfið en á sama tíma hefur verið aukið í og gefið í í einkarekinni þjónustu," sagði Birgir í fréttum Stöðvar 2 á föstudag.

Áhyggjur landlæknis eru réttmætar. Á sama tíma og skattfé er dælt í samninga Sjúkratrygginga Íslands við einkastofur sérfræðilækna, Klíníkina og önnur einkarekin heilbrigðisfyrirtæki sem vaxa án þarfagreiningar og skilgreindra markmiða við kaup á heilbrigðisþjónustu er opinbera kerfið svelt. Landspítalinn fær einn milljarð króna hér og annan þar og ráðherrar berja sér á brjóst vegna stóraukinna framlaga til heilbrigðismála. Þeir sem búa við sterka lausafjárstöðu geta stundað aðgerðatúrisma og leitað sér lækninga erlendis á kostnað skattgreiðenda á grundvelli svokallaðrar biðlistatilskipunar. Þetta eru nokkrar birtingarmyndir á kerfisbundnu niðurbroti ríkisrekna heilbrigðiskerfisins. Veruleikinn er annar en sá sem okkur er talin trú um.

Þetta gerist á vakt hægristjórnar. Vandamál vinstriflokkanna er að þeir eru ekki trúverðugir varðhundar heilbrigðiskerfisins. Kerfið var holað að innan á þeirra vakt líka. Það er einn af samverkandi þáttum þess að sósíaldemókratar á Íslandi hafa tvístrast í margar einingar og geta ekki lotið stöðugri forystu. Þeir brenndu sitt eigið pólitíska vörumerki á báli niðurskurðar í velferðarkerfinu.

Hinn dularfulli Morpheus býður Neo upp á tvo valkosti í Matrix. Neo getur tekið bláu pilluna og lifað áfram í draumheimi. Eða rauðu pilluna, vaknað til lífsins og fengið að heyra hráan sannleikann um veröldina sem hann lifir í. Við vitum að það er eitthvað mikið að heilbrigðiskerfinu. Við getum tekið bláu pilluna frá ríkisstjórninni, kyngt henni og haldið áfram í draumheimi eins og ekkert hafi í skorist. Þá er hægt að einkavæða kerfið eitt skref í einu. Eða við getum tekið rauðu pilluna, yfirgefið draumheiminn, spyrnt við fótum og neitað að lifa í lygi.

**Okkur er talin trú um að stjórnvöld vilji standa vörð um hið ríkisrekna kerfi og það standi ekki til að byggja upp einkarekið kerfi á kostnað þess.**

**Húnvetningafélagið í Reykjavík**

**Aðalfundur**

**Húnvetningafélagins í Reykjavík verður haldinn í Húnabúð Skeifunni 11 þriðjudaginn 23. maí klukkan 20:00**

**Dagskrá fundarins samkvæmt samþykktum félagsins:**
Formaður gerir grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári.
a. Féhirðir leggur fram endurskoðaða reikning félagsins.
b. Skýrslur nefnda og starfsmanna félagsins.
c. Kosningar.
d. Önnur mál.

**Skógræktarferð verður 10. júní.**

***Stjórnin***

## Halldór




## Frá degi til dags

**Píratalætin**
**Enn einu sinni berast tíðindi af samstarfsörðugleikum innan Pírata. Ásta Guðrún Helgadóttir hefur hætt sem þingflokksformaður eftir ágreining við samflokksmenn sína um starfsskyldur þingflokksformanns og sýn á embættið. Heimildir Fréttablaðsins herma að Birgitta Jónsdóttir, stofnandi Pírata, sé í þeim hluta þingflokksins sem lenti í árekstrum við Ástu. Á meðan pískra Píratar að það sé engin tilviljun að friður og ró ríkti um embættið þegar Birgitta sjálf gegndi því. Þingmenn annarra flokka velta því aftur á móti fyrir sér hvort þingflokkurinn þurfi ekki, í stað þess að ráða sér almennan starfsmann, að ráða sér vinnustaðasálfræðing í fullt starf.**

**Reynsluleysið**
**Þingmenn stjórnarandstöðunnar eru óánægðir með seinagang í nefndum Alþingis og kvarta yfir reynsluleysi nefndarformanna og stefnuleysi stjórnarflokkanna. Það stefnir í að sögulega fátt komist í gegnum Alþingi fyrir sumarfrí. Alþingi ætti ef til vill að ráðast í lotubundna vinnu, sams konar því sem tíðkast í mörgum háskólum, þá eru skilafrestirnir tíðari og færri mál undir hverju sinni. Það myndi vonandi þýða að málin kæmust heil í gegn í stað þess að brotna eins og egg í körfu sem reynt er að kasta yfir endalínuna.** snaeros@frettabladid.is

# Þau eru of mörg Akranesin



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður VG í Suðurkjördæmi

Enn einu sinni eru málefni sjávarútvegsins og byggða í brennidepli. Hvað sem segir um gæði fiskveiðistjórnunarkerfisins má setja stórt spurningamerki við sjálfbærni atvinnugreinarinnar. Sjálfbærni tiltekinnar greinar náttúrunytja er skilgreind með þrennum hætti: Áhrifum á náttúruna (á auðlindina sjálfa), á samfélagið í heild og sérhvern hluta þess sem atvinnan varðar og loks út frá efnahagslegum áhrifum nytjanna. Margreynt er að samþjöppun í kvótakerfinu veldur æ víðar og oftar ólíðandi vandræðum í samfélögum sem reiða sig að verulegum hluta á útgerð og fiskvinnslu.

Milli 10 og 20 fyrirtæki ráða nú um og yfir helmingi kvóta og þau taka ákvarðanir oftar en ekki eftir hag sínum einum en sjaldnar eftir þörfum byggða, sem þau starfa í, eða fara eftir því sem við nefnum samfélagslega ábyrgð. Með slík viðmið í huga er ekki hægt að setja merkið sjálfbærni á sjávarútveginn. Til þess eru of mörg byggðalög í sárum og of mikil óeining um kvótaúthlutun, kvótastöðu og samþjöppun kvóta.

Sé litið á efnahagsþátt sjálfbærninnar er nauðsynlegt að horfa bæði á heildina alla (greinina sem slíka), á vegferð hvers fyrirtækis og loks á ástand hverrar byggðar sem reynir og vill stunda útgerð og vinnslu. Góð afkoma heildarinnar, eins og gjarnan er orðað, má ekki yfirskyggja efnahagsþrengingar samfélaga eða minni fyrirtækja, svo dæmi séu nefnd. Fiskveiðistjórnunarkerfi sem tekur fyrst mið af velferð samfélaga í ólíkum byggðum (stórum og smáum) verður að taka fram yfir kerfi sem snýst fyrst og fremst um hagkvæmni stakra og stórra fyrirtækja og samkeppnistöðuna utanlands. Í heimi þar sem matvælaframleiðsla verður sífellt stærri áskorun er Ísland í góðri stöðu. Það leyfir mikinn slaka á kröfum um samþjöppun í greininni. Löngu er kominn tími til gagngerra breytinga í sjávarútvegi, bæði hvað varðar auðlindanýtinguna sjálfa og afrakstur í þágu nærsamfélaga um allt land, þorra íbúa alls landsins.

**Milli 10 og 20 fyrirtæki ráða nú um og yfir helmingi kvóta og þau taka ákvarðanir oftar en ekki eftir hag sínum einum en sjaldnar eftir þörfum byggða.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Dapurlegur vesaldómur ríkisstjórnarinnar



Ögmundur Jónasson
fv. innanríkisráðherra

Nýlega festi erlendur auðmaður kaup á einni landmestu jörð á Íslandi, Grímsstöðum á Fjöllum, mestöllum hluta jarðarinnar í einkaeign. Sami aðili fer nú eins og ryksuga um Norð-Austurland, kaupandi hverja jörðina á fætur annarri, að eigin sögn til að verja og vernda jarðirnar fyrir ágangi.

Í Kastljósi Sjónvarpsins fyrir nokkru vildi hann ekki upplýsa hvað yrði um jarðirnar eftir sinn dag en af óljósu svari hans mátti ráða að hann teldi að þá væru þær orðnar sjálfbærar sem atvinnurekstur fyrir laxveiðar. Með öðrum orðum, varla byrði á eigendum, þvert á móti arðvænleg eign.

### Auðmenn fjarlægja okkur landinu

Þetta er vissulega þróun sem ekki er ný af nálinni en alltaf færumst við fjær því að „hinn almenni maður“ geti komist í laxveiðar á Íslandi. Eftirspurn auðmanna með fulla vasa fjár eftir því að renna fyrir lax á „ósnortnu“ Íslandi hefur séð fyrir því. Ekki færir það almenning nær landi sínu þegar eignarhaldið er komið út fyrir landsteinana. Og stöðugt berast fréttir af landakaupum erlendra auðmanna víðar á landinu og er fylgifiskurinn iðulega sá að þeir reyni að loka að sér.

### Vildu selja ríkinu en fengu aldrei svar

Fram hefur komið að Grímsstaðamenn vildu helst selja ríkinu og á annað hundrað einstaklingar úr öllum stjórnmálaflokkum, öllum aldurshópum, frá öllum landshlutum, úr nánast öllum starfsstéttum, höfðu óskað eftir því að svo yrði gert.

Þeir sem skrifuðu undir áskorun í þessa veru, voru hins vegar aldrei virtir svars og þegar Grímsstaðamönnum barst kauptilboð frá breska auðkýfingnum Radcliffe, sem endanlega keypti, var ríkisstjórnin enn á ný spurð hvort ríkið vildi kaupa. Ekkert svar!

Þetta er ekki bara dónaskapur heldu líka dapurlegur vesaldómur.

### Einhliða umfjöllun í Kastljósi

Í umræddum Kastljósþætti var aðdragandi málsins rakinn. Hvergi var minnst á áskorun til ríkisstjórnarinnar eða þingmál sem flutt höfðu verið í þá veru að sporna gegn uppkaupum auðmanna á landi!

Lítillega var sagt frá því að sett hefði verið reglugerð á sínum tíma sem torveldað hefði þessi kaup en sú reglugerð hafi verið afnumin því hún hafi ekki þótt standast lög. Þetta er mikil einföldun!

### Vel ígrundaður málatilbúnaður

Í upphafi árs 2013 þegar ég var innanríkisráðherra kynnti ég lagafrumvarp svo og reglugerð með það í huga að sporna gegn landakaupum erlendra auðmanna á Íslandi. Ég gerði mér fulla grein fyrir því að málið kynni að verða umdeilt, bæði hér innanlands og erlendis. Enda fór svo að eftirlitsstofnun ESA óskaði eftir greinargerð. Leitaði ég þess vegna til færustu sérfræðinga sem völ var á að vera til ráðgjafar um útfærslu á þeim ásetningi mínum að setja landakaupum skorður.

Í frétt á vef innanríkisráðuneytisins 25. janúar 2013, þar sem kynnt var frumvarp að lagabreytingu sem tæki til landakaupa útlendinga utan sem innan EES annars vegar og hins vegar reglugerðarbreyting gagnvart EES borgurum, segir: „Í tengslum við þessar athuganir hefur innanríkisráðuneytið aflað tveggja álitsgerða, annars vegar frá Eyvindi G. Gunnarssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Valgerði Sólnes lögfræðingi. Hins vegar frá Jens Hartig Danielsen, prófessor við lagadeild Háskólans í Árósum, og Stefáni Má Stefánssyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, en þar er fjallað sérstaklega um reglur EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga og fjárfestingu í fasteignum.“

### Ítarleg kynning

Frumvarpið lagði ég síðan fram til kynningar á Alþingi – en reglugerðina undirritaði ég 17. apríl þegar hún hafði staðið til kynningar í nær þrjá mánuði.

Ég taldi það vera lykilatriði að greinargerðir fræðimannanna kæmu fram við kynninguna svo hugsanlegum andmælendum gæfist kostur að taka upp málefnalega umræðu um hana.



**Ýmsar þjóðir innan EES hafa viljað leita leiða til að sporna gegn uppkaupum auðmanna á jörðum, bæði innlendra og erlendra. Nefni ég þar Dani og Norðmenn sérstaklega. Sjálfur deili ég þessum sjónarmiðum og hef margoft fært opinberlega rök fyrir þeim.**

Eftirmaður minn í embætti, Hanna Birna Kristjánsdóttir, lét það verða eitt fyrsta verk sitt að afnema þessa reglugerð og hafði um hana þau orð að hún væri á gráu svæði. Það var allan tímann vitað sem áður segir, en engu að síður meiri líkur en minni að hún stæðist fullkomlega stranga lagaskoðun enda vel ígrunduð og að henni staðið á faglegan, opinn og lýðræðislegan hátt. Öðru máli gegndi þegar hún var afnumin án kynningar eða umræðu.

### Danir og Norðmenn vilja skorður við landakaupum

Ýmsar þjóðir innan EES hafa viljað leita leiða til að sporna gegn uppkaupum auðmanna á jörðum, bæði innlendra og erlendra. Nefni ég þar Dani og Norðmenn sérstaklega. Sjálfur deili ég þessum sjónarmiðum og hef margoft fært opinberlega rök fyrir þeim. Ég gerði mér grein fyrir því að taka þyrfti á málinu á margþættan hátt en aðeins að hluta til heyrði það undir það ráðuneyti sem ég fór fyrir, innanríkisráðuneytið, og sneri þá einkum að kaupum útlendinga á landi.

### Sitja og góna á framvinduna

Auk fyrrnefnds frumvarps og reglugerðar flutti ég því þingmál um ítarlega athugun á þessum málum og lagði til að reynt yrði að sporna gegn því að auðmenn gleyptu landið eins og nú er að gerast með ríkisstjórn og Alþingi á áhorfendapöllunum.



## Jafntefli í stórleiknum



**Bandaríska eldingin** FH-ingar áttu í miklum vandræðum með að stöðva hinn sprettharða kantmann Valsmanna, Dion Acoff, í leik liðanna á Valsvellinum í gærkvöldi. Hér sést Acoff með Böðvar Böðvarsson á hælunum. Liðin sættust á skiptan hlut en leikurinn endaði með 1-1 jafntefli. Bæði mörkin komu úr vítaspyrnum. Valur er í 3. sæti Pepsi-deildarinnar með sjö stig, tveimur stigum meira en FH sem er í 5. sætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Valur - FH 1-1**
1-0 Sigurður Egill Lárusson, víti (33.), 1-1 Steven Lennon, víti (82.).

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - Haukar 2-0**
1-0 Hulda Björg Hannesdóttir (65.), 2-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez, víti (82.).

**FH - KR 2-1**
1-0 Caroline Murray (1.), 2-0 Guðný Árnadóttir (7.), 2-1 Ásdís K. Halldórsdóttir (74.).

**Breiðablik - Fylkir 2-0**
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (36.), 2-0 Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (77.).

**Enska úrvalsdeildin**

**Chelsea - Watford 4-3**
John Terry, César Azpilicueta, Michy Batshuayi, Cesc Fábregas - Etienne Capoue, Daryl Janmaat, Stefano Okaka.

## Í dag

18.35 **Arsenal - Sunderland** Sport 2
18.40 **Reading - Fulham** Sport 4
18.50 **Man City - West Brom** Sport
19.05 **Valur - Stjarnan** Sport 3

**Pepsi-deild kvenna**
17.15 **Grindavík - ÍBV** Grindavík

**Olís-deild karla**
20.00 **FH - Valur** Kaplakriki











# Er í mínu besta formi

**Sara Björk Gunnarsdóttir varð um helgina þýskur meistari á sínu fyrsta tímabili með Wolfsburg. Hún var fastamaður í liðinu þrátt fyrir afar mikla samkeppni.**

**FÓTBOLTI** Wolfsburg varð um helgina þýskur meistari í knattspyrnu þrátt fyrir að enn væri ein umferð eftir af keppnistímabili í þýsku 1. deild kvenna. Wolfsburg tapaði að vísu fyrir Freiburg, 0-2, um helgina en það kom ekki að sök þar sem meistari síðustu tveggja ára, Bayern München, steinlá á heimavelli fyrir Potsdam, 4-0, á sama tíma.

„Tilfinningin var mjög ljúf, þrátt fyrir að við töpuðum leiknum," sagði Sara Björk í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þegar maður leit í átt að hliðarlínunni og sá að þar var byrjað að fagna þá áttaði maður sig á þessu almennilega. Þetta var frábært."

Þetta var aðeins annar tapleikur Wolfsburg á tímabilinu en liðið er með fjögurra stiga forystu á Bayern fyrir lokaumferðina. Potsdam og Freiburg koma svo í næstu tveimur sætum á eftir.

Sara Björk segir að árangurinn hafi ekki komið á óvart. Wolfsburg sé það stórt félag að það sé gerð krafa um árangur á hverju ári en þetta var þriðji meistaratitill félagsins – hinir komu árin 2013 og 2014.

„Þetta gekk betur í síðari umferðinni en þeirri fyrri. Fyrir áramót töpuðu við fyrir Potsdam og gerðum jafntefli við SC Sand og Frankfurt. Það eru allir leikir í þessari deild erfiðir," sagði Sara Björk en Wolfsburg hafði unnið alla leiki sína eftir áramót fram að leik helgarinnar.

### Erfitt og krefjandi

Þýska deildin er án nokkurs vafa ein sú allra sterkasta í heimi enda hafa þýsk lið unnið Meistaradeild Evrópu í níu skipti af alls fimmtán. Sara Björk kom til Þýskalands síðastliðið sumar frá Svíþjóð, þar sem hún varð margfaldur meistari með Rosengård.



Sara Björk fær hér gusu yfir sig í fögnuðinum um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ef maður á að bera þetta saman þá gætu 3-4 bestu liðin í Svíþjóð staðið sig vel hér. En mestur er munurinn á líkamlegu formi leikmanna. Það sá ég líka þegar ég var í Svíþjóð og spilaði gegn þýskum liðum – þau voru alltaf í toppstandi," segir Sara Björk.

„Ég finn því talsverðan mun á deildunum. Þetta er rosalega erfitt og krefjandi en það var líka ástæðan fyrir því að ég vildi skipta og prófa eitthvað nýtt. Sjálf finn ég fyrir því að ég hef aldrei verið í jafn góðu formi og er að toppa sjálfa mig. Á þessu eina tímabili hef ég orðið betri og betri."

Hún segir að þetta sé ekki bara spurning um að æfa meira en aðrir. „Það skiptir líka máli að æfa rétt," bætir Sara Björk við.

### Samkeppnin ýtir við manni

Sara Björk hefur spilað mikið með Wolfsburg og er ánægð með það, ekki síst í ljósi þess hversu mikil samkeppnin er. „Ef maður átti lélegan leik í Svíþjóð var maður nokkuð viss um að halda sætinu sínu. En hér þarf maður alltaf að vera á tánum. En ég er sátt við hversu mikið ég hef spilað og þá trú sem þjálfarinn hefur á mér. Það er ekki létt að halda sætinu sínu í liðinu," segir hún.

Sara Björk spilar sem varnartengiliður, svokölluð sexa, og segir hún að það séu alls fimm leikmenn í hópnum að berjast um tvær stöður. „Svona lagað ýtir við manni enn lengra og þannig verður maður betri."

Wolfsburg mætir SC Sand í bikarúrslitunum þann 27. maí og Wolfsburg vill auðvitað vinna tvöfalt. „Svo tökum við Meistaradeildina á næsta ári," sagði hún í léttum dúr. Sara Björk á tvö ár eftir af samningi sínum og það er ekkert fararsnið á henni. „Mér líður vel hér og ég er í toppstandi," segir Sara Björk að lokum. eirikur@frettabladid.is

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 16. MAÍ 2017



**Gísli B. Ívarsson hleypur tugi kílómetra í hverri viku. Hann er viss um að regluleg hlaup bæti nokkrum góðum árum við lífið og geri líka heilmikið fyrir sálina.**

heilsa →4






Árni stofnaði skokkhóp Sauðárkróks fyrir tuttugu árum og starfrækir enn.

# Lauk einkaþjálfaranámi 62 ára

Íþróttakennarinn Árni Stefánsson lauk ÍAK einkaþjálfaranámi hjá Keili fyrir tveimur árum, þá 62 ára að aldri. Hann segist ekki vita til þess að nokkur hafi lokið því eldri að árum. Hann kennir við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og segir ekki ólíklegt að hann snúi sér að einkaþjálfun þegar kennaraferlinum lýkur. →2



Árni, sem er hér annar frá hægri, segir allt eins líklegt að hann snúi sér að einkaþjálfun þegar kennaraferlinum lýkur.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is

Framhald af forsíðu

Árni hefur alltaf verið drifinn áfram af mikilli hreyfiþörf. Hann er fyrrverandi markvörður Fram og íslenska landsliðsins í knattspyrnu og stundaði langhlaup lengi vel. Hann lauk íþróttakennaranámi frá ÍKÍ árið 1976 og hóf kennslu við grunnskólann á Sauðárkróki 1982. Frá árinu 1995 hefur hann svo kennt við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Bæði almennar íþróttir og ýmsar greinar á íþróttabraut eins og þjálfunarfræði, íþróttasálfræði og fleira. Upp úr sextugu sótti Árni um námsleyfi og ákvað að nýta það til að fara í árslangt einkaþjálfaranám hjá Keili. „Ég sá fram á að það myndi gagnast mér sem alhliða endurmenntun í þessum fræðum en fannst líka gaman að prófa eitthvað aðeins öðruvísi, þó þetta sé vissulega skylt því sem ég hef verið að gera.

Árni tilheyrði hópi sem stundaði námið á Akureyri. Hann lætur vel af því og segir það afar fjölþætt. Svo fór að hann lauk námi með hæstu heildareinkunn í sínum hópi. „Það má nú aðallega að þakka því góða fólki sem ég var með í hóp. Ég held að það hafi hjálpað mér meira en ég þeim.“

Að námi loknu sneri Árni sér aftur að kennslu en til stendur að bjóða upp á nám við íþróttaakademíu við Fjölbrautaskólann næsta haust. Hún verður byggð upp í samstarfi við íþróttafélagið Tindastól og beinist að miklu leyti að nemendum sem leggja stund á fótbolta og körfubolta sem eru þær íþróttagreinar sem flestir iðka í Skagafirði. Árni býst við að verða viðloðandi þá kennslu einhver misseri til en segir þó styttast í annan endann á kennaraferlinum. „Þá fer maður kannski að praktísera einkaþjálfunina af einhverju viti,“ segir hann og hlær, en Árni er nú þegar með nokkra hópatíma í íþróttamiðstöðinni Þreksporti á Sauðárkróki. Hann segir gott að hafa að einhverju að hverfa enda ætti illa við hann að setjast í helgan stein.

Árni er líka í forsvari fyrir Skokkhóp Sauðárkróks sem hann stofnaði, ásamt fleirum, fyrir tuttugu árum. „Ég hljóp nokkur maraþon hér á árum áður en er nú hættur langhlaupum,“ segir Árni sem þurfti að fara í hnjáskipti fyrir þremur árum. „Þetta tekur allt sinn toll en það er ótrúlegt að geta með hjálp tækninnar staðið upprétt og haldið áfram. Þó langhlaup henti mér síður í dag kemur styrktarþjálfunin í staðinn,“ segir Árni sem getur ekki hugsað sér að hætta að hreyfa sig og fer reglulega í ræktina. Aðspurður segir hann fólk á landsbyggðinni ekki síður duglegt að hreyfa sig en Reykvíkinga. „Þó framboð námskeiða sé eflaust eitthvað minna finnur fólk sér bara næsta fjall til að klífa.“

Árni segir skokkhópinn verða starfræktan í sumar líkt og áður. „Hann hefur aðeins elst og væri gaman að fá nýliðun. Ég skora því á fólk að mæta.“



Skokkhópur Sauðárkróks verður starfræktur í sumar líkt og áður og hvetur Árni nýliða til að mæta.

**„Þetta tekur allt sinn toll en það er ótrúlegt að geta með hjálp tækninnar staðið upprétt og haldið áfram.**

Árni Stefánsson

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér.
Kynntu þér málið á 365askrift.is
365
365ASKRIFT.IS

Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.ls, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.ls, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.ls, s. 512 5433

# Töfraefnið sem bjargaði lífi mínu síðastliðið sumar

## NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Oddrún Helga Símonardóttir er ber því vel söguna og losnaði við þráláta verki á nokkrum vikum.

NUTRILENK GOLD er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki. Til þess að gera þessi innihaldsefni virk, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Nutrilenk hentar fólki á öllum aldri.

Oddrún Helga Símonardóttir, betur þekkt sem Heilsumamman, fór að nota Nutrilenk í sumar með svona líka góðum árangri.



Oddrún segir árangurinn hafa verið eins og í lygasögu.

### Verkir í liðum og brak í hnjám

„Í byrjun síðastliðins sumars fór vinstri olnboginn eitthvað illa út úr vorverkunum í sveitinni. Ég hélt að þetta væru bara strengir og að þetta myndi lagast eftir nokkra daga. Í lok sumarsins var ég orðin mjög slæm, mér var líka orðið illt í hægri öxlinni. Þar voru það gömul meiðsli að taka sig upp vegna aukins álags á hendinni en ég hafði hlíft vinstri (olnboganum) allt sumarið. Til að bæta gráu ofan á svart fór mér að verða illt í hnjánum í fyrsta skipti, því ég var farin að finna fyrir smellum þegar ég skokkaði.




Ég hélt alltaf að ég væri alveg að lagast og ekki búin að panta mér tíma hjá lækni þannig að ég vissi varla orðið hvað ég ætti að segja við lækninn, á hverju ætti að byrja því mér leið eins og ég væri að verða háöldruð. Ég hef sennilega oft flett framhjá auglýsingu um Nutrilenk og aldrei fundist þetta efni eiga við mig en núna var lag, ég hafði engu að tapa og yrði ekki jafn ónýt þegar ég kæmi mér loksins til læknis.“

### Verkurinn hvarf nánast um leið

Árangurinn var eins og lygasaga, eftir 2 vikur fann ég nánast ekkert til og eftir 3 vikur var ég farin að geta gert armbeygjur og planka. Nokkrum vikum síðar gerði ég hlé á inntöku og eftir aðeins nokkra daga fór ég aftur að finna til. Þá byrjaði ég aftur að taka inn Nutrilenk og verkurinn hvarf nánast um leið.

**Glasið endist í þrjá mánuði**

Núna eru liðnir 3 mánuðir og ég finn ekki fyrir neinu, hvorki í olnboganum, öxlinni né hnjánum og er að springa úr hamingju yfir að hafa endurheimt heilsuna. Það má því segja að Nutrilenk hafi bjargað lífi mínu í sumar – eða a.m.k. olnboganum. Ég tek einungis 2 töflur á dag sem er viðhaldsskammturinn og endist glasið því í 3 mánuði.“

Oddrún, eða Heilsumamman, er þekkt fyrir frábært uppskriftablogg þar sem hún kennir fólki að njóta matarins og ýmiss góðgætis án þess að draga úr hollustunni. Hún er heilsumarkþjálfi og þekkir mátt matarins vel en við getum jú gert kraftaverk fyrir heilsuna með réttu mataræði. Kíkið á heilsumamman.is

Sölustaðir: apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana og stórmarkaða





**NÝTT**

**DLUX** Pregnancy er blanda af vítamínum sem henta ófrískum konum sérstaklega vel. Það inniheldur D-vítamín, Fólínsýru, B- og K-vítamín.

Upptaka gegnum slímhúð í munni tryggir að efnin skila sér út í blóðrásina og því er þetta sérlega góð lausn fyrir konur sem þjást af morgunógleði og uppköstum.

**MEÐ FERSKJU- OG MANGÓBRAGÐI!**

Dagsskammtur er fjórir úðar og innihalda þeir samtals:
B12 6 mcg • D3 400 AE • Fólínsýra 400 mcg • Selen 75 mcg
B1 1,1 mg • B2 1,4 mg • K1 75 mcg • Biotin (B7) 50 mcg
Joð 150 mcg • B5 (Pantothenic acid) 6 mg • B6 1,2 mg
A 600 AE • B3 (Niacin) 8 mg • C 20 mg




**NÝTT**

**MultiVit** fjölvítamínið frá BetterYou inniheldur öll helstu vítamín og steinefni sem auka á heilbrigði okkar og efla ónæmiskerfið.

Með munnúðanum fáum við 14 nauðsynleg næringarefni beint inní blóðrásina en upptaka gegnum slímhúð í munni tryggir hámarksupptöku.

**MEÐ GRAPEBRAGÐI!**

Dagsskammtur er fimm úðar og innihalda þeir samtals:
D-vítamín 1000 AE • Fólínsýru 400 mcg • B12 6 mcg
100% af ráðlögðum dagsskammti af K, B1 og B6.

**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

# Fékk „hlaupabóluna“ eftir langt tilhlaup

## Gísli B. Ívarsson hleypur tugi kílómetra í hverri viku. Hann er viss um að regluleg hlaup bæti nokkrum góðum árum við lífið og geri líka heilmikið fyrir sálina.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Stjörnuhlaupið verður haldið í Garðabæ næsta laugardag og Gísli hefur þegar skráð sig til leiks. Hann hefur stundað regluleg hlaup um nokkurra ára skeið og veit fátt skemmtilegra en að hlaupa. Fyrstu skrefin bentu þó til þess að hann yrði að finna sér aðra íþróttagrein sem hentaði honum betur. „Fyrir nokkrum árum síðan reyndi ég að stunda hlaup en fékk alltaf verki í fæturna svo ég gafst fljótlega upp á því. Eftir að ég fór á námskeið hjá Smára Jósafatssyni, frænda mínum, í því sem er kallað Smart motion náði ég að beita mér öðruvísi á hlaupunum og gat hlaupið án verkja,“ segir Gísli.

Í janúar 2013 fór hann að mæta á æfingar hjá hlaupahópi Stjörnunnar í Garðabæ og hefur eiginlega verið óstöðvandi síðan. „Segja má að ég hafi fengið „hlaupabóluna“. Ég var búinn að vera skráður á Facebook-síðu hlaupahópsins í tæplega ár áður en ég mætti á æfingu í fyrsta sinn. Þetta var sem sagt nokkuð langt tilhlaup. Mér er sagt að ég hafi náð ótrúlega langt á skömmum tíma. Ég er ótrúlega sáttur við það og sendi reglulega út „montstatusa“ eftir hin ýmsu hlaup sem ég hef tekið þátt í,“ segir Gísli brosandi.

### Létt að byrja með réttri tækni

Gísli segir að í raun hafi verið ótrúlega auðvelt að ná tökum á að hlaupa lengri vegalengdir þegar hann hafði náð tökum á réttu tækninni. „Það var líka tekið mjög vel á móti mér hjá hlaupahópnum og þar gat ég fengið góð ráð frá reynslumeira fólk sem vildi gjarnan segja mér til. Hjá Stjörnunni er frábært þjálfarateymi sem heldur vel utan um hópinn. Ég byrjaði að hlaupa á mínum eigin forsendum og var ekkert að stressa mig þótt ég væri með öftustu mönnum í hlaupum.“

Ein aðalástæðan fyrir því að hlaup urðu fyrir valinu frekar en önnur íþróttagrein er sú að útivist hefur ávallt verið Gísla hugleikin og hann langaði að stunda sport utandyra. „Ég hafði áhuga á að nota hlaupin sem líkamsrækt og til að léttast en þegar ég byrjaði var ég í mun betri holdum en ég er í dag.“

### Leyfir sér meira í mat og drykk

Í hverri viku fer Gísli þrisvar til fjórum sinnum út að hlaupa. „Ég fer annaðhvort með hlaupahópnum eða einn. Á virkum dögum fer ég um tíu til fimmtán kílómetra á hverri æfingu en á laugardögum eru lengri æfingar, um eða upp úr tuttugu kílómetrum. Mér finnst skemmtilegra að hlaupa í hópi en einn.“

Gísli er fullviss um að hann bæti nokkrum góðum árum við lífið með því að stunda hlaup reglulega. „Ég er líka á því að hlaupin geri heilmikið fyrir sálina líka. Hlaupin hafa fært mér betra líf og gera mér kleift að leyfa mér meira í mat og drykk en áður. Mér finnst hvetjandi að vera í hlaupahópi, það veitir mér gott aðhald og svo er félagsskapurinn alveg einstakur.“

Gísli hefur tvisvar áður tekið þátt í Stjörnuhlaupinu og er þegar byrjaður að undarbúa sig fyrir laugardaginn. „Það er eitt af skemmtilegustu hlaupunum sem ég hef tekið þátt í en öll umgjörðin þar er til fyrirmyndar og mikið fjör bæði fyrir hlaup og eftir. Í fyrra fór ég mitt fyrsta heila maraþon í München en hlaupahópurinn fór þangað. Það hlaup er enn sem komið er mitt eftirminnilegasta afrek í þessu skemmtilega áhugamáli mínu.“

En hvað skyldi Gísla finnast skemmtilegast við að hlaupa? „Ég veit eiginlega ekki hvar ég á að byrja!“




**„Í fyrra fór ég mitt fyrsta heila maraþon í München en hlaupahópurinn fór þangað. Það hlaup er enn sem komið er mitt eftirminnilegasta afrek í þessu skemmtilega áhugamáli mínu.“**






**Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð**




MILT
OG ÖRUGGT
FYRIR VIÐKVÆMA
HÚÐ BARNA

## OFNÆMISPRÓFUÐ ÖRUGG SÓLARVÖRN MEÐMÆLI HÚÐLÆKNA

- Ofnæmisprófaðir sólarfiltrar sérhæfðir fyrir viðkvæma húð barna.
- Hypoallergenic - hentar fyrir exem húð. Yfir 90% UVA vörn.
- Vatnsheld sólarvörn, engin hvít himna, engir taumar í vatni og teppir ekki húðina.
- Ekkert klístur og smitar ekki í fatnað, gott í hársvörðinn.
- Læknifræðilega skráð grunnformúla inniber allar rannsóknir og prófanir.
- Má nota frá 6 mánaða aldri og fyrir allan aldur.
- Bakteríuheldar umbúðir, helst ferskt þar til innihaldið er búið.
- Engin paraben, engar nanóeindir, ilm- eða litarefni.

BÄST-i-TEST.se Vitiligo UVA ULTRA

Sjá útsölustaði
á www.evy.is

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**

KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.162478.



**100% LÁN**

SUZUKI Grand Vitara LUX. Árgerð 2005, ekinn 193 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. TILBOÐ 790.000. Rnr.136085.



VW Caravelle 9 Manna. Árgerð 2014, ekinn 129 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.158181.

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**

SKODA Fabia Combi 1.6 Disel. Árgerð 2011, ekinn 131 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.135861.



**100% LÁN**

HYUNDAI I30 Classic. Árgerð 2010, ekinn 148 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 780.000 staðgreitt. Rnr.162332.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á nægum svefni

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



**ÚTSALA NÝR DISEL !!!**

NISSAN NOTE ACENTA TREND DISEL árg 2016 nýr bíll, 5 gíra, álfelgur, Íslenskt leiðsögukerfi, bluetooth, vetrar og sumardekk, ofl,ofl. eyðsla 4L, kostar nýr 2890 þús, möguleiki á 90% láni, tilboðsverð 1990 þús !!! gsm 893-9500



Cadillac Fleetwood Brougham 1967,ekinn aðeins 54þ. mílur sk. 18" sjón er sögu ríkari,Verð 2.9. Uppl. s. 820 5181

## Lyftarar



**VINNULYFTUR EHF**

Eigum á lager nýjar skæralyftur frá SKYJACK og bómulyftur frá Niftylift uppl. 7742501 eyvindur@simnet.is www.skyjack.is

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Garðyrkja

Garðaþjónustan Björk
• Trjáklippingar
• Felli tré
• Garðyrkja
40 ára starfsreynsla
Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 846 8643 • 856 9600
www.gardyrkjumeistari.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Einföld kæling fyrir sumarið

viftur.is
-andaðu léttar



**Sumarstilling**: Kaldur gustur, kælir og býr til vindkælingu.
**Vetrarstilling**: Jafnar hitastig og dreifir varma um rýmið.

Loftviftur

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

## Húsaviðhald




**HÚSASMÍÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




Snowbee 3 laga öndunarvöðlur Verð 19.900 kr. Veiðiportið Grandagarður 3 552-9940




Hörku góð klofstígvél. Verð 8.900 kr Sendum frítt á næsta pósthús. Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Húsnæði

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi.
Sumarhús- einbýlishús
Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá
**ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500






Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Úlfarsárdalur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 11. maí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi sem felst í uppbyggingu og stækkun Úlfarsárdalshverfis. Gert er ráð fyrir um 1300 íbúðum í dalnum. Nýtt hverfi verður reist við Leirtjörn. Reykjavíkurborg mun standa fyrir opnu húsi í hverfinu og kynna tillögurnar enn frekar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Lambhagavegur 12 og 14

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 3. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 11. maí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegur-Hallar vegna Lambhagavegar 12 og 14. Í breytingunni felst m.a. að fyrirkomulagi byggingareita á lóðum 12 og 14 við Lambhagaveg er breytt og heimilt byggingarmagn minnkað og nýtingarhlutfall því samhliða. Jafnframt er lóð spennistöðvar færð innan skipulagssvæðis og innkeyrslur á lóðir færðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hlíðarendi 20-26

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. apríl 2017 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 2. maí 2017 var samþykkt að endurauglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna fjölgunar íbúða á lóð nr. 20-26 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst m.a. að hámarksfjöldi íbúða eykst úr 137 í 178.. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 16. maí 2017 til og með 27. júní 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 27. júní 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 16. maí 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

---

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

FALLORKA

## Útboð

Fallorka óskar eftir tilboðum í verkið

**Glerárstífla II**

Um er að ræða jarðvinnu og uppsteypu stíflumannvirkis. Stíflan er u.þ.b. 100 m löng og 6 m há. Um miðbik hennar er steinsteypt yfirfall, botnrás, inntaksmannvirki og um 20 m2 lokahús en til beggja hliða eru fyllingarstíflur með steyptum þéttivegg í miðjunni. Gert er ráð fyrir að efni í fyllingar komi úr lónstæði.

**Helstu verkliðir eru:**

- Fleygun/sprenging rásar undir stíflu
- Uppsteypa á stíflumannvirki, þ.m.t. yfirfall, botnrás, inntaksmannvirki, lokahús og þéttiveggir
- Hlaða stíflur að þéttiveggjum
- Fullnaðarfrágangur lokahúss að utan og innan

**Helstu magntölur eru:**

- Fylling 10 000 m3
- Mót 2 300 m2
- Steypa: 1 200 m3
- Járnbending 81 000 kg

Tilboðum skal skila til Fallorku ehf, Rangárvöllum, 603 Akureyri eigi síðar en: **kl. 12:00 þann 7. júní 2017.**
Útboðsgögn verða afhent þeim sem þess óska frá og með miðvikudeginum, 17. maí 2017 kl. 12:00.
Ósk um útboðsgögn skal senda á netfangið **aej@verkis.is**

---

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2017, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2017 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2017, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 16. maí 2017***

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

---

## Djúpavogshreppur
## Auglýsing um skipulagsmál

### Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. **Breytt landnotkun í landi Teigarhorns og Djúpavogshrepps við Eyfreyjunes, og færsla Hringvegar nærri bæjarstæði á Teigarhorni og fyrir Eyfreyjunesvík**
   Hluti jarðarinnar Teigarhorns hefur notið friðlýsingar sem náttúruvætti síðan 1975 en frá 2013 hefur öll jörðin notið friðlýsingar sem náttúruvætti og fólkvangur. Gerð er tillaga að breytingu á takmörkun vegna friðlýsingar svo hún nái yfir alla jörðina í stað einungis hluta hennar neðan Hringvegar. Vegna uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu, verndar, fræðslu og útivistar er gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði nærri bæjarstæði í stað landbúnaðarsvæðis. Jafnframt er gerð tillaga um færslu Hringvegar nærri bæjarstæði á Teigarhorni og fyrir Eyfreyjunesvík til að skapa rými fyrir uppbyggingu innviða nærri bæjarstæði.

### Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

2. **Deiliskipulag vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á Blábjörgum**
   Deiliskipulagssvæðið er 3030 m2 að stærð og er staðsett skammt austan við núverandi íbúðarhús. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir þremur lóðum. Innan hverrar lóðar verður heimilt að reisa allt að 70 m2 hús, sem ætlað er til reksturs gistiþjónustu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi og eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is undir liðnum Aðalskipulag.
Tillaga 1 liggur jafnframt frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík.
Skipulagstillögurnar eru í kynningu frá 16. maí til 27. júní 2017. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til sveitarstjóra Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á sveitarstjori@djupivogur.is, eigi síðar en 27. júní 2017. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykkur.

*Sveitarstjóri Djúpavogshrepps*


míla
ljósleiðari
NÝTT
ÞRIÐJUDAGA
ÚT UM
VÍÐAN VÖLL
MEÐ LOGA BERGMANN
MARGFALT SKEMMTILEGRI
1817
365.IS
365

## Merkisatburðir

**1457** Björn ríki Þorleifsson, 49 ára höfðingi á Skarði, er sleginn til riddara og honum falin hirðstjórn á Íslandi. Englendingar tóku Björn af lífi á Rifi á Snæfellsnesi tíu árum síðar.

**1901** Tuttugu og sjö manns drukkna þegar skip, sem er á leið frá sandinum undan Eyjafjöllum til Vestmannaeyja, sekkur skammt austur af Heimaey. Einum manni er bjargað.

**1952** Bandarísk flugvél ferst í norðanverðum Eyjafjallajökli og með henni fimm menn. Eitt lík fannst strax eftir slysið, annað árið 1964 og þrjú í ágúst 1966.

**1959** Íslendingar keppa við Dani í körfuknattleik í Kaupmannahöfn. Þetta er fyrsti landsleikur Íslendinga í þessari grein.

**1966** Karnabær er opnaður í Reykjavík. Verslunin hefur mikil áhrif á fatatísku unga fólksins.



✝

Okkar ástkæra

**Katrín Pálsdóttir**

Lillý

andaðist þann 13. maí á hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði, áður til heimilis að Njálsgötu 86, Reykjavík. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristinn Ómar Sveinsson**
**Eyjólfur Hermann Sveinsson og**
**Bergdís Sveinsdóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**María S. Norðdahl**

Hrafnshöfða 9, Mosfellsbæ,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 17. maí kl. 13.

**Magnús Norðdahl**
**Sigurður Norðdahl**
**Guðrún Norðdahl**
**Guðmundur Norðdahl**
**Magnús S. Norðdahl**
**Jóna María Norðdahl**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**


Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




✝

Elsku mamma, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Guðdís Halldórsdóttir**

Blásölum 20, Kópavogi, síðast til heimilis að Brákarhlíð, Borgarnesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar sunnudaginn 7. maí sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 17. maí kl. 13.

**Áslaug Lilja Káradóttir**
**Albert Ingi Ingimundarson**
**Viktor Kári Albertsson**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Stella Þórdís Guðjónsdóttir**

Sólheimum 32, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 2. maí, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. maí kl. 13.00.

**Ómar Sigurðsson** — **Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Bára Sigurðardóttir** — **Kristján O. Þorgeirsson**
**Erla Sigurðardóttir** — **Jón Arnar Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lára Stefanía Ólafsdóttir**

Skúlagötu 20, Reykjavík,

